



1. Þrjú skólastig




H4.15

Við heitum Katarzyna og Marek. Við erum frá Póllandi. Við erum gift og eigum þrjú börn: Joönnu, Daniel og Malgorzötu. Þegar við fluttum til Íslands fyrir þremur árum, fóru öll börnin á mismunandi skólastig. Joanna var sextán ára og fór í framhaldsskóla. Daniel var sjö ára og fór í grunnskóla en Malgorzata var þriggja (3) ára og fór í leikskóla.

Það var áhugavert að kynna skólakerfinu á þessum þremur mismunandi stigum og sem betur fer hefur skólaganga barnanna gengið ótrúlega vel. Við þurftum auðvitað að læra heilmargt sjálf í sambandi við íslenska skólakerfið. Til dæmis um fögin í skólanum, stundatöfluna, nestistíma, frístundaheimilin, starfsdaga kennara og bekkjarkvöldin.

Þetta var mjög erfitt fyrst af því að við skildum ekki íslensku. Við fengum mikið af tölvupóstum frá skólanum sem við þurftum að láta þýða fyrir okkur. Nú, þremur árum seinna, höfum við lært íslensku, en Malgorzata sem er sex ára er langbest í íslensku af okkur öllum!



1.1 Spyrjið og svarið. Skriðu svarið eða spurninguna



1. Hvaðan eru Katarzyna og Marek? _____
2. _____ ? Þau eiga þrjú börn.
3. Hvenær fluttu þau til Íslands? _____
4. _____ ? Hún fór í leikskóla.
5. Hvernig hefur skólaganga barnanna gengið? _____
6. Af hverju var erfitt fyrst? _____
7. Hvað þurfti að þýða fyrir þau? _____
8. _____ ? Malgorzata.



Hvað segir Fríða frænka?

Núna eru flestar upplýsingar frá grunnskólum sendar til foreldra í tölvupósti eða settar á heimasíður skólanna. Allar skráningar eru líka rafrænar. Það er mikilvægt fyrir foreldra grunnskólabarna að fylgjast vel með tölvupóstinum frá skólanum svo þeir missi ekki af upplýsingum um fundi og félagslíf í skólanum.

Átt þú barn í skóla á Íslandi?
Á hvaða skólastigi?
Hvernig gengur?



Mjög – miklu – lang-

Katarzyna er **mjög góð** í íslensku!

Daniel er **miklu betri** í íslensku!

Malgorzata er **langbest** í íslensku!



hestur,
um hest,
frá hesti,
til hests

1.2 Íslenska skólakerfið



H4.16

Börn hefja nám á Íslandi þegar þau eru sex ára gömul. Skólaskyldan er frá sex til sextán ára. Eftir það fara margir í framhaldsskóla. Í framhaldsskólum geta nemendur valið mismunandi námsbrautir t.d. náttúrufræðibraut, tungumálabraut og félagsfræðibraut.

Sumir framhaldsskólar eru fjölbrautaskólar og bjóða upp á mjög fjölbreytt nám, t.d. viðskiptabraut, listabraut og ýmis konar verknámsbrautir, eins og í húsasmíði, rafvirkjun, bílamálun, hársnyrtingu og fleira.

Sumir framhaldsskólar kallast menntaskólar. Það er hægt að útskrifast með stúdentspróf úr framhaldsskólum. Stúdentspróf gefur möguleika á háskólanámi. Flestir útskrifast úr framhaldsskóla um tvítugt.

Það er fjölbreytt nám á háskólastigi í boði á Íslandi, ekki bara lögfræði og læknisfræði. Hér eru til dæmis listaháskóli og háskóli sem býður upp á nám í hestamennsku og ferðamálafræði.



Í og úr

Ég byrja **í** náminu í næstu viku.

Ég set fötin **í** skúffuna.

Ég fer **í** sokkana.

Ég mæti **í** vinnuna klukkan níu.

Ég útskrifast **úr** náminu eftir þrjú ár.

Ég tek fötin **úr** skúffunni.

Ég fer **úr** sokkunum.

Ég fer **úr** vinnunni klukkan fimm.

Á og af

Ég skoða tölvupóstinn **á** netinu.

Ég legg **á** borðið.

Ég fer upp **á** þakið.

Ég fer **af** netinu og slekk á tölvunni.

Ég tek **af** borðinu.

Ég fer niður **af** þakinu.

1.6 Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



á í af úr

Mér er svo heitt, ég ætla ____ peysunni. Ég mæti ____ vinnuna klukkan sjö en ég fer ____ vinnunni klukkan þrjú. Viltu leggja ____ borðið fyrir mig? Ég skal taka ____ borðinu og ganga frá eftir matinn. Viltu fara ____ sokkunum, það er svo vond lykt af þeim? Settu óhreinu sokkana ____ körfuna. Hvenær byrjar þú ____ skólanum? Ég útskrifast ____ verkfræðinni á miðvikudaginn! Settu fallega blómvöndinn ____ vasann og settu svo vasann ____ borðið. Ég sótti um vinnu ____ netinu áðan! Hættu nú að vinna ____ tölvunni og farðu ____ netinu!



2. Stundataflan

Joanna og Halldór eru vinir. Þau eru saman í framhaldsskóla.
Hér eru stundatöflurnar þeirra.

Joanna - stundatafla

| Kl. | mánudagur | þriðjudagur | miðvikudagur | fimmtudagur | föstudagur |
|-------------|------------|-------------|--------------|-------------|------------|
| 8:10-8:50 | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska |
| 8:55-9:35 | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska |
| 9:45-10:25 | Stærðfræði | Enska | Stærðfræði | Enska | Stærðfræði |
| 11:30-12:10 | Stærðfræði | Enska | Stærðfræði | Enska | Stærðfræði |
| 12:30-13:10 | | Líffræði | | Líffræði | Lífsleikni |
| 13:15-13:55 | Íþróttir | Líffræði | Íþróttir | Líffræði | Lífsleikni |
| 14:00-14:40 | | | | | |
| 14:50-15:30 | Leiklist | | | | |
| 15:35-16:15 | Leiklist | | | | |

Halldór - stundatafla

| Kl. | mánudagur | þriðjudagur | miðvikudagur | fimmtudagur | föstudagur |
|-------------|-----------|-------------|--------------|-------------|------------|
| 8:10-8:50 | Íslenska | Þýska | Íslenska | Þýska | Íslenska |
| 8:55-9:35 | Íslenska | Þýska | Íslenska | Þýska | Íslenska |
| 9:45-10:25 | Franska | Enska | Franska | Enska | Lífsleikni |
| 11:30-12:10 | Franska | Enska | Franska | Enska | Lífsleikni |
| 12:30-13:10 | | Stærðfræði | | Stærðfræði | Stærðfræði |
| 13:15-13:55 | Íþróttir | Stærðfræði | Íþróttir | Stærðfræði | Stærðfræði |
| 14:00-14:40 | | | | | |
| 14:50-15:30 | | | | | |
| 15:35-16:15 | | | | | |

2.1 Spyrjið og svarið



1. Hversu oft í viku fara Halldór og Joanna í íþróttir?
2. Klukkan hvað eru frímínútur hjá þeim?
3. Í hvaða fögum er Joanna?
4. Hvenær er Joanna í stærðfræði?
5. Á hvaða dögum er Halldór í þýsku?
6. Í hvaða fögum eru þau saman í tímum?

Hversu oft ...?

- 1x **einu sinni**
- 2x **tvisvar** (sinnum)
- 3x **þrisvar** (sinnum)
- 4x **fjórum sinnum**
- 5x **fimm sinnum**

Dæmi:

Halldór er *tvisvar* í viku í frönsku.
=Hann er bæði á *mánudögum*
og *miðvikudögum* í frönsku.

2.2 Skrifaðu fleiri spurningar um stundatöflurnar og spurðu bekkjarfélaga þína



1. _____
2. _____
3. _____
4. _____

3. Skólalífið

3.1 Skólaball



H4.17

Joanna: Mamma, það er skólaball annað kvöld. Ég ætla að fara. Það er fyrst partý hjá Gumma.

Mamma: Já, elskan. Klukkan hvað er ballið? Kemurðu nokkuð mjög seint heim?

Joanna: Æ mamma, þú veist að ballið er til þrjú og ég kem örugglega heim þá.

Mamma: Er ballið svona rosalega lengi og skóli daginn eftir?

Joanna: Það er gefið frí í fyrstu tveimur tímunum.

Mamma: Jæja, ég tala kannski við þig þegar þú kemur heim og við fáum okkur kakóbolla ef þú vilt spjalla.



Joanna: Mamma, nei! Ekki vaka eftir mér!

3.2 Daginn eftir skólaballið

Vinnið saman og búið til samtal mömmu og Joönnu daginn eftir ballið. Leikið svo!



Mamma: _____

Joanna: _____

Mamma: _____

Joanna: _____

Mamma: _____

Joanna: _____

Mamma: _____

Joanna: _____

3.3 Í kvöldskólanum



H4.18

- Katarzyna: Sæl, ert þú líka að læra íslensku?
- Sólveig: Nei, ég er íslensk. Ég er á þrjónanámskeiði!
- Katarzyna: Já, er hægt að læra að þrjóna hérna?
- Sólveig: Já og ýmislegt fleira. Ég var í félagsliðabréu hérna á síðasta ári.
- Katarzyna: Hvað er það, félags - hvað?
- Sólveig: Félagsliðabréu heitir námið. Það er nám fyrir fólk sem vinnur með fólk, til dæmis á hjúkrunarheimilum eða heimilum fyrir fatlaða. Ég vinn í heimaþjónustu og gat klárað námið með vinnunni.
- Katarzyna: Er til eitthvað svona fyrir útlendinga?
- Sólveig, Já, það eru hópar af erlendum félagsliðanemum í námi hér. Hér er líka fullt af fullorðnu fólki sem er í grunnnámi.
- Katarzyna: Grunn-hvað? Í grunnskóla?
- Sólveig: Ekki grunnskóla, en þetta er nám fyrir fólk sem vantar grunninn eða hefur ekki verið í skóla í mjög langan tíma. Ef þú hefur áhuga á að kanna möguleikana skaltu tala við námsráðgjafa. Það er aldrei of seint að fara í nám.
- Katarzyna: Takk fyrir þetta. Ég ætla að panta tíma hjá námsráðgjafa strax á morgun!



3.4 Krossaðu við rétt svar



- Hver er að læra íslensku í kvöldskólanum?
 Katarzyna.
 Sólveig.
- Hvað var Sólveig að læra á síðasta ári?
 Hún var í félagsliðabréu.
 Hún var á þrjónanámskeiði.
- Hefur Katarzyna áhuga á námi?
 Nei, alls ekki.
 Já, hana langar að kanna möguleikana.



Hvað segir Fríða frænka?

Símenntunarstöðvar og fleiri fræðsluaðilar bjóða upp á fjölbreytt nám og námskeið fyrir fullorðið fólk. Margir nýta sér þetta og nemendurnir eru á öllum aldri frá 20-70 ára! Stéttarfélag borga oft hluta af gjaldinu. Það er líka góð hugmynd að tala við náms- og starfsráðgjafa ef maður er að hugsa um að fara í nám eða skipta um starf.

4. Reynslusaga Thuy

Hlustaðu og skrifaðu orðin sem vantar



Kæru lesendur!

Ég heiti Thuy Thi Pham og er 30 ára frá Víetnam. Ég á eina stelpu sem er sex ára gömul.

Ég hef verið á Íslandi í _____ ár og hafði lokið tveggja ára

námi í hjúkrun í heimalandi mínu _____ en ég kom til Íslands.

Þegar ég kom vildi ég aðlagast íslensku samfélagi og halda áfram

_____ hér á landi. En hér er kennt á íslensku og nauðsynlegt að læra

_____ til að geta átt samskipti og farið í nám.



Ég man þegar ég var rétt nýkomin, ég gat hvorki _____ né _____ íslensku.

Mér fannst mjög _____ að læra hana af því íslenska er algjörlega ólík víetnömsku.

Til að ná markmiðum mínum bretti ég upp ermarnar og lagði mig alla fram til að læra

_____. Fyrst lærði ég í kvöldskóla og kláraði fimm stig. Árið 2006 fór ég

í Háskóla Íslands til að læra að tala og skilja íslensku _____ og að kynna

íslenskri menningu.

Haustið _____ byrjaði ég mína fyrstu önn í hjúkrunarfræði. Námið er mjög

erfitt en líka mjög skemmtilegt. Mig _____ að hvetja ykkur til að læra íslensku

til að aðlagast íslensku samfélagi. Ísland er mjög _____ land og þið getið

fengið tækifæri til að mennta ykkur.

Gangi ykkur vel.

Bestu kveðjur,

Thuy Thi Pham

Ég gat **hvorki** lesið **né** talað íslensku.
= Ég gat **ekki** lesið íslensku og ég gat **ekki** talað íslensku.

4.1 Tölum saman!



a) Hvenær komst þú til Íslands?

b) Varst þú búin/n í námi áður en þú komst til Íslands?

c) Langar þig í eitthvað nám á Íslandi?

d) Finnst þér nauðsynlegt að innflytjendur á Íslandi læri íslensku?

e) Hugsar þú mikið um framtíðina?

frá

Skólaskyldan er **frá** sex ára aldri.

Ballið er **frá** klukkan ellefu.

Thuy er **frá** Víetnam.

á

Framhaldsskólar bjóða upp **á** fjölbreytt nám.

Jón stundar nám **á** háskólastigi.

Stærðfræðin er **á** mánudögum og miðvikudögum.

Ég er **á** námskeiði.

fyrir

Félagliðabré er nám **fyrir** fólk sem vinnur með fólk.

Hvaða nám er í boði **fyrir** útlendinga?

við

Ég þarf að tala **við** náms- og starfsráðgjafa.

til

Skólaskyldan er **til** sextán ára aldurs.

Ballið er **til** klukkan þrjú.

Thuy fór í skóla **til** að ná markmiðum sínum.

Þið hafið tækifæri **til** að mennta ykkur á Íslandi.

í

Fjölbreytt nám er **í** boði.

Hvenær ertu **í** stærðfræði?

Thuy stundar nám **í** hjúkrunarfræði.

Ég er **í** námi.

um

Ég hugsa **um** framtíðina.

Ég sótti **um** vinnu/nám á netinu.

hjá

Ég ætla að panta tíma **hjá** náms- og starfsráðgjafa.

Ég ætla að panta tíma **hjá** lækni.

4.2 Merktu við rétt orð



1. Ég er

- í háskólanámi.
 á háskólanámi.
 um háskólanámi.

2. Ég ætla að panta tíma

- í tannlækni á morgun.
 á tannlækni á morgun.
 hjá tannlækni á morgun.

3. Sólveig er

- í þrjónanámskeiði.
 hjá þrjónanámskeiði.
 á þrjónanámskeiði.

4. Íslenskunámskeiðið er

- um þriðjudögum og fimmtudögum.
 á þriðjudögum og fimmtudögum.
 fyrir þriðjudögum og fimmtudögum.

5. Skólaskyldan er

- frá sex ára um sextán ára.
 til sex ára frá sextán ára.
 við sex ára til sextán ára.

6. Hvaða nám er

- í boði á útlendinga.
 fyrir boði til útlendinga.
 um boði fyrir útlendinga.

7. Skólaballið er

- hjá klukkan þrjú.
 í klukkan þrjú.
 til klukkan þrjú.

8. Hér hefur fólk tækifæri

- í að mennta sig.
 frá að mennta sig.
 til að mennta sig.

9. Katarzyna vill tala

- til
 á námsráðgjafa.
 við

10. Hún vill sækja

- frá
 við nám.
 um

11. Jóna er

- á stærðfræði á
 í hjá mánudögum.
 fyrir

5. Stórir draumar

5.1 Yfirheyrsla 1

Nafn: Geir Hansson

Aldur: 22

Uppáhalds matur: Hamborgari og franskar.

Uppáhalds tónlist: Pungarokk.


Markmið í lífinu: Að verða frægur bassaleikari í hljómsveit!

Hvað verður þú að gera eftir fimm ár?

Ég verð á tónleikaferðalagi í Japan með hljómsveitinni minni. En þegar ég verð leiður á tónlistinni fer ég líklega í tannlæknánám og verð tannlæknir eins og pabbi.

Hvað ætlar þú að gera um helgina?

Djamma auðvitað! Og á sunnudaginn hjálpa ég ömmu að þvo þvott og fer út að labba með hundinn hans afa.



5.2 Yfirheyrsla 2

Nafn: Eva Regína Johnson

Aldur: 23

Uppáhalds matur: Sushi.

Uppáhalds tónlist: Ég er alæta á tónlist.

Markmið í lífinu: Að ná langt.

Hvað verður þú að gera eftir tíu ár?

Ég verð töff lögfræðingur sem vinnur öll mál, með svimandi há laun og alltaf í dýrum fötum og háhæluðum skóm! Bý í einhverri stórborg í Ameríku og vinn fyrir fræga fólkið.

Hvað ætlarðu að gera um helgina?

Ég vinn í sjoppu og þarf að vinna á föstudags- og laugardagskvöld.

Annars verð ég líka að lesa fyrir skólann.

Ég er á fyrsta ári í lögfræði og verð að ná prófunum!



5.3 Yfirheyrsla 3



Skrifaðu um sjálfa/n þig

Nafn: _____

Aldur: _____

Uppáhalds matur: _____

Uppáhalds tónlist: _____

Uppáhalds orðið á íslensku: _____

Markmið í lífinu: _____

Hvað verður þú að gera eftir fimm ár? _____

Hvað ætlar þú að gera um helgina? _____

5.4 Yfirheyrsla 4



Hvað langar þig að vita um bekkjarfélagi þína? Hvað dreymir þá um?

Hver er uppáhalds maturinn þeirra? Eða uppáhalds bíómynd?


Hvað langar þá að gera í framtíðinni?

Búðu til spurningar og spurðu einn eða fleiri!

6. Hvað kann ég?



Krossgáta



➔ Lárétt:

- 1 ... er frá sex til sextán ára.
- 2 Það er ... nám í boði á Íslandi.
- 4 Félagsliðabré er ... fyrir fólk sem vill verða félagsliði.
- 7 Ég útskrifast ... skólanum á næsta ári.
- 9 ... maturinn minn er sushi.
- 12 Thuy gat ... lesið né talað íslensku.

| Kl. | mánudagur | þriðjudagur | miðvikudagur | fimmtudagur | föstudagur |
|-----|------------|-------------|--------------|-------------|------------|
| 10 | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska |
| 11 | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska | Jarðfræði | Íslenska |
| 13 | Stærðfræði | Enska | | Enska | Stærðfræði |
| 14 | Stærðfræði | Enska | Stærðfræði | Enska | Lífleikni |
| 15 | | Líffræði | Íþróttir | Líffræði | Lífleikni |
| 16 | Íþróttir | Líffræði | | Líffræði | |

- 13 Þetta er ...
- 14 Það er hægt að læra hársnyrtingu í ...
- 16 Ballið er ... klukkan þrjú.

⬇ Lóðrétt:

- 1 ... gefur möguleika á háskólanámi.
- 2 Joanna er sextán ára og er í ...
- 3 Malgorzata er þriggja ára og er í ...
- 5 Daniel er sjö ára og er í ...
- 6 Katarzyna ætlar að panta tíma ... náms- og starfsráðgjafa.
- 8 Flestir ... úr framhaldsskóla um tvítugt.
- 10 Það er aldrei of ... að fara í nám.
- 11 Halldór er ... í viku í íþróttum.
- 15 Ég sótti ... vinnu á netinu.

7. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann **orð um nám**

- skólaskylda stundatafla að útskrifast
 fög stærðfræði stúdent

2. Ég kann **orð um skólastigin á Íslandi**

- leikskóli framhaldsskóli
 grunnskóli háskóli

3. Ég kann **að nota orðin í, úr, á af**

- Ég er **í** námi – ég er **á** námskeiði Ég fer **á** netið
 Ég útskrifast **úr** námi Ég fer **af** netinu

4. Ég kann **að nota orðin til, frá, við, hjá, fyrir, um**

- Ballið er **frá** klukkan ellefu **til** klukkan þrjú
 Ég er í námi **til** að ná markmiðum mínum
 Talaðu **við** náms- og starfsráðgjafa
 Ég ætla að panta tíma **hjá** lækni
 Ég hugsa **um** framtíðina og sæki **um** vinnu
 Félagsliðabréf er nám **fyrir** fólk sem vinnur með fólk

5. Æfðir þú þig í að tala? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

6. Æfðir þú þig í að skrifa? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

7. Æfðir þú lestur? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

8. Æfðir þú hlustun? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Skildir þú allt? Já, allt Já, mikið Nei, lítið

9. Notaðir þú orðabók? Já, mikið Já, svolítið Nei, ekki neitt

10. Hvað **lærðir þú nýtt** í 3. kafla? _____

11. Hvað ætlar þú **að nota**? _____

12. Hvað þarftu **að læra betur**? _____

Lýsingarorð – stigbreyting

Óregluleg lýsingarorð

| Karlkyn (kk) | Kvenkyn (kvk) | Hvorugkyn (hk) |
|--------------------------|----------------------|-----------------------|
| góður - betri - bestur | góð - betri - best | gott - betra - best |
| vondur - verri - verstur | vond - verri - verst | vont - verra - verst |
| ungur - yngri - yngstur | ung - yngri - yngst | ungt - yngra - yngst |
| gamall - eldri - elstur | gömul - eldri - elst | gamalt - eldra - elst |

| atviksorð | lýsingarorð | dæmi |
|-----------|-------------------|--|
| mjög | góður/góð/gott | Jón er mjög góður í ensku. Anna er mjög góð í stærðfræði. Veðrið er mjög gott í Reykjavík. |
| miklu | betri/betri/betra | Gunnar er miklu betri í ensku en Jón. Anna er miklu betri í stærðfræði en Siggi. Veðrið er miklu betra á Akureyri en í Reykjavík. |
| lang- | bestur/best/best | Páll er langbestur í ensku í bekknum. Anna er langbest í stærðfræði af öllum. Veðrið er langbest á Egilsstöðum af öllum stöðum! |

Atviksorð - hvorki-né

hvorki - né

Viltu fara út í búð fyrir mig?

Það er **hvorki** til smjör **né** mjólk.

=Það er **ekki** til smjör og það er **ekki** til mjólk.

Forsetningar og föll: í, á, af, úr, frá, við, hjá, fyrir, um

| | | Nefnifall | Þolfall í, á, við, fyrir, um | Þágufall í, á, af úr, frá |
|------------|------|-----------------------------|--|---|
| Kk | | | | |
| et | -i | jakki(nn) krakki(nn) | Ég fer í jakka(nn). Ég tala við krakka(nn). | Ég fer úr jakka(num). Þetta eru föt af krakka(num). |
| ft | -ar | jakkar(nir) krakkar(nir) | Þeir fara í jakka(na). Hann hugsar um krakka(na). | Þeir fara úr jökkum (jökkunum). Gjöfin er frá krökkum (krökkunum). |
| et | -ur | sokkur(inn) dagur(inn) | Ég fer í sokk(inn). Skólinn byrjar á mánudag(inn). | Ég fer úr sokk/i(num). Fundurinn verður á þriðjudegi(num) |
| ft | -ar | sokkar(nir) dagar(nir) | Ég fer í sokka(na). Hún hugsar um daga(na) í Róm. | Ég fer úr sokkum (sokkunum). Skólinn er á mánudögum. |
| et | -ill | kjól(inn) bíl(inn) | Hún fer í kjól(inn). Ég hugsa um bíl(inn). | Hún fer úr kjól(num). Hann er í bíl(num). |
| ft | -lar | kjólar(nir) bílar(nir) | Hún hugsar um kjóla(na). Bílskúrin er fyrir bíla(na). | Skórnir eru hjá kjólum (kjólunum). Útvörpin eru í bílum (bílunum). |
| Kvk | | | | |
| et | -a | vinna(n) kona(n) | Ég mæti í vinnu(na) kl. níu. Hann talar við konu(na). | Ég fer úr vinnu(nni) kl. tvö. Gjöfin er frá konu(nni). |
| ft | | konur(nar) | Hann hugsar um konur(nar). | Hann er hjá konum (konunum). |
| et | - | mynd(in) | Ég horfi á mynd(ina). | Hvað er á mynd(inni)? |
| ft | | myndir(nar) | Ég horfi á myndir(nar). | Hvað er á myndum (myndunum)? |
| Hk | | | | |
| et | - | nám(ið) borð(ið) | Ég fer í nám(ið) næsta vetur. Hann leggur á borð(ið). | Ég útskrifast úr námi(nu) eftir þrjú ár. Hann tekur af borði(nu). |
| ft | | borð(in) | Þeir leggja á borð(in). | Þeir taka af borðum (borðunum). |





| orð | þýðing |
|------------------|--------|
| að aðlagast | |
| að kanna | |
| að mennta sig | |
| að útskrifast | |
| að þýða | |
| bílamálun | |
| fag | |
| ferðamálafræði | |
| félagsliði | |
| fjölbrautaskóli | |
| framhaldsskóli | |
| frístundaheimili | |
| grunnskóli | |
| hársnyrting | |
| heimaþjónusta | |
| hestamennska | |
| hjúkrunarheimili | |
| húsasmíði | |
| innflytjandi | |
| jarðfræði | |
| leiklist | |
| leikskóli | |
| líffræði | |
| læknisfræði | |

| orð | þýðing |
|----------------|--------|
| lögfræði | |
| menning | |
| menntaskóli | |
| mismunandi | |
| möguleiki | |
| nám | |
| námsbraut | |
| námskeið | |
| rafvirkjun | |
| samfélag | |
| samskipti | |
| skólaganga | |
| skólakerfi | |
| skólaskylda | |
| skólastig | |
| stundatafla | |
| stúdentspróf | |
| stærðfræði | |
| tækifæri | |
| verkfræði | |
| verknám | |
| viðskiptabraut | |
| önn | |